

Enn um aldamótin

Frá Þorsteini Sæmundssyni:

SEGJA MÁ að það sé að bera í bakkafullan lækinn að útskýra oftast fyrir lesendum Morgunblaðsins hvers vegna aldamót voru í lok ársins 2000 en ekki við upphaf þess.

En tvö bréf til blaðsins í síðustu viku og útlitserindi á sömu nótnum gefa tilefni til svars. Ein málsgrein úr öðru bréfinu nægir til að lýsa vandamálinu. Málsgreinin er svohljóðandi: „1.1. 2001 hlýtur að vera 2001. afmælisdagur Frelsarans. Hann getur varla hafa verið eins árs við fæðingu, þótt hann hafi borið af á flesta aðra vísu. Hann hlýtur að hafa orðið eins árs á árinu eitt eftir Krist.“

Villan í þessari röksemdafærslu felst í því hvernig ártalið er túlkað. Talan ein og sér segir okkur ekki nóg. Við þurfum að vita hvaða hugsun liggur að baki ártalinu. Hér er ekki rúm til að rekja sögu kristilegs tímatafs, en ef við leyfum okkur dálitla einföldun getum við orðað skýringuna þannig: Ártalið 1 merkir ekki að þá sé Kristur eins árs. Það merkir að hann sé á fyrsta ári. Ártölin eru í eðli sínu raðtölur, og ef þau væru rituð þannig (t.d. 2000. í stað 2000) væri síður hætt á þeim misskilningi sem sífellt kemur upp í sambandi við þetta mál.

ÞORSTEINN SÆMUNDSSON,
Raunvísindastofnun Háskólans.

+